



Reykjavík 23.11.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Göngugötur

Lagðar fram tillögur umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 15. nóvember 2017 að göngugötum í miðborg Reykjavíkur á aðventunni 2017.

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka: "Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillöguna enda kom fram að hún hafi verið kynnt kaupmönnum án þess að athugasemdir hafi borist og hefur þá nýbreytni að opið er lengur fyrir bílaumferð eða til 16:00 virka daga og 12:00 um helgar."

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 15. nóvember 2017



Reykjavík 15. nóvember 2017

Til umhverfis- og skipulagsráðs

Tillaga: Göngugötur í miðborg Reykjavíkur á aðventu 2017

Lagt er til að göngugötur verði opnaðar í miðborg Reykjavíkur á aðventunni og að fyrirkomulag þeirra verði eins og hér segir.

Svæðið

Göngugötusvæðið verði það sama og á sumrin. Það eru eftirfarandi götur:

- Laugavegur og Bankastræti - milli Vatnsstígs og Þingholtstrætis
- Skólavörðustígur - neðan Bergstaðastrætis
- Póshússtræti - milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis
- Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis

Tímabil

Göngugötur verði á tímabilinu 14.-23. desember 2017 (sama tímabil og lengdur opnunartími verslana).

Virka daga á tímabilinu verði göngugötur opnar milli kl. 16:00 og 07:00 en 12:00 – 07:00 um helgar.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur